

7 né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er  
10. jan. lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni  
nemur.

## 10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hberra  
þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi  
ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða  
skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjald-  
anda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrif-  
stofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og  
ákvörðunar skattsins.

## 11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af  
sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignar-  
skatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

## 12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að  
hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri  
veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtiðarráð-  
stafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr.  
112/1950 og lögum nr. 106/1952, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948,  
öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1953.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

8

14. jan.

**REGLUGERÐ****um skemmtanaskatt í Þingeyrarhreppi.**

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög  
nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem að-  
gangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

## 1. flokkur:

- a. Hjómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Skuggamyndasýningar.

**2. flokkur:**

8

14. jan.

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og eru ekki taldar hér sérstaklega.

**3. gr.**

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður. Skatturinn er hundraðshluti af inn-gangseyri.

**4. gr.**

Undanþágu frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

**5. gr.**

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

**6. gr.**

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina. Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

**7. gr.**

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

**8. gr.**

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Þingeyrarhrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

**9. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum.

Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 14. janúar 1953.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Jóhannes Eliasson.*